

1. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Flúðaskóla haldinn þriðjudaginn 4. september 2018 kl. 13.30.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir, formaður og Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson, fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Ásta Rún Jónsdóttir, mætti ekki til fundarins.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

1. Hlutverk og verksvið skólanefnda
2. Undirritun á trúnaðarbréfi
3. Erindisbréf skólanefndar
4. Erindi
 - a. Tölvupóstur dags. 9. ágúst frá Sambandi sveitarfélaga með leiðbeiningum til nýrra skólanefnda
 - b. Göngum í skólann - Átaksverkefni septembermánaðar 2018
5. Eftirfylgni með ytra mati grunnskólans
6. Skóladagatal
7. Endurgerð/breyting á skólalóð
8. Ákvörðun um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna
9. Annað

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Gengið var til dagskrár.

1. Hlutverk og verksvið skólanefnda

Formaður fór yfir hlutverk og verksvið nefndarinnar eins og því er lýst í lögum. Nánari fróðleik má finna inn á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, m.a. er þar gátlisti sem nýtist nefndunum við störf sín. Fundarfólk var sammála að nýta gátlistann í starfi nefndarinnar.

Formaður lagði til að byrjað verði að vinna skv. liðum 15. og 16. í gátlistanum fyrir næsta fund og var það samþykkt.

2. Undirritun á trúnaðarbréfi

Nefndarfólk undirritaði yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnarskyldu.

3. Erindisbréf skólanefndar

Formaður fór efnislega yfir erindisbréf skólanefndar. Nefndin gerir athugasemdir við erindisbréfið þar sem rætt er um "Fræðslunefnd" í stað "Skólanefndar", auk þess sem starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Zero er talin eitt verkefna nefndarinnar, en svo er ekki. Einnig þarf að yfirfara texta m.t.t. laga og reglugerða. Samþykkt að formaður fari yfir orðalag og efnistöð erindisbréfsins, ásamt sveitarstjóra, og leggi fram að nýju á næsta fundi nefndarinnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink:

- FS
- SUS
- MS
- FP
- JLA
- UT
- [Signature]

4. Erindi

- a. Tölvupóstur dags. 9. ágúst frá Sambandi sveitarfélaga með leiðbeiningum til nýrra skólanefnda.

Formaður lagði fram til upplýsinga tölvupóst frá Sambandi sveitarfélaga. Í tölvupóstinum er rætt um námskeiðahald á vegum sambandsins fyrir nýjar skóla- eða fræðslunefndir og bent á ítarefni sem finna má á vef sambandsins. Vefslóðin er <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/skolanefndir/>. Nefndarfolk er hvatt til að kynna sér efnið sem þar er að finna.

- b. Göngum í skólann - Átaksverkefni septembermánaðar 2018

Formaður lagði fram til kynningar bréf frá verkefninu "Göngum í skólann" þar sem því er beint til stjórnenda sveitarfélaga hvetja skólann til þátttöku í verkefninu og auðvelda foreldrum og börnum að velja virkan og öruggan ferðamáta, m.a. með því að huga að göngu- og reiðhjólstígum, götulýsingu, umferð við skólanna og fleira. Verkefnið hefst 5. september og lýkur þann 10. október, á aðþjóðlegum degi verkefnisins.

Ekki er reiknað með þátttöku skólans að þessu sinni, m.a. vegna þess hve mörg börn koma í skólann með skólabíl, auk þess sem mörg önnur verkefni tengd göngu og hreyfingu eru á dagskrá skólans á næstunni.

Skólanefnd telur það viðvarandi verkefni að öryggi gangandi vegfarenda í nágrenni skólasvæðisins, jafn skólabarna sem annarra, sé tryggt að hverjum tíma og beinir því til sveitarstjórnar að halda áfram að vinna að úrbótum þar sem það á við.

5. Eftirfylgni með ytra mati grunnskólans.

Skólastjóri fór yfir stöðu umbóta sem áætlaðar voru í Flúðaskóla skólaárið 2017 - 2018 í kjölfar úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og drög að svörum til ráðuneytisins.

Úttektin fór fram vorið 2016 og umbótaáætlun var lögð fram haustið 2016. Eftir er að kostnaðargreina og þarfagreina úrbætur í heimilisfræðistofunni, en ástand stofunnar er sagt óviðundandi í úttekt ráðuneytisins.

Skólanefnd beinir því til sveitarstjórnar að framkvæmd verði kostnaðar- og þarfagreining varðandi stofuna og gert verði ráð fyrir viðeigandi úrbótum í næstu fjárhagsáætlun. Formanni falið að ræða við sveitarstjóra um svar við þessu atriði til ráðuneytisins.

6. Skóladagatal

Skólastjóri fór yfir helstu atriðin í skóladagatali Flúðaskóla fyrir starfsárið 2018 – 2019. Í starfsáætlun skólans verða nánari útskýringar varðandi skóladagatalið.

Vegna námsferðar starfsmanna skólans dagana 19. til og með 23. október er ljóst að hætta þarf kennslu þann 18. okt. á hádegi vegna ferðatilhögunar.

FS SUS TP UE
JLS JLA
ma

7. Endurgerð/breyting á skólalóð.

Formaður lagði fram hugmyndir um breytingar og úrbætur á skólalóð Flúðaskóla sem unnin er af Landform, landslagsarkitektum. Verkefnið er ekki komið inn á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, en er í vinnslu.

8. Ákvörðun um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna



Rætt um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna nefndarinnar. Fundargögn verða hýst inn á OneDrive þar sem fundarfólk getur nálgast þau.

Samþykkt að fundir verði að jafnaði síðasta fimmtudag í hverjum mánuði, kl. 13.30. Næsti fundur verður 25. október kl. 13.30.

9. Önnur mál.

a) Skólaakstur. Verktaki hefur haft sagt upp einni akstursleið og verður auglýst innan skamms eftir aðila til að taka að sér akstursleiðina.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 14.40.


Elva
Jóhanna Elfa Arnard
Björn Þjón
Sigrún U. S.

Freyja Þorleifsdóttir
Margrét Larsen
Fridur Sæmundsd.